

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun mælt með staðfestingu hennar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Borgarness er staðfest var 30. mars 1978.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi
Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015,
Þingvallavegur nr. 36.**

Að ósk sveitarstjórnar Þingvallahrepps hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, frá 17. desember 1996, sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Óveruleg breyting er gerð á legu Þingvallavegar nr. 36.

Lögbundið mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram sbr. úrskurð skipulagsstjóra dags. 22. apríl 1998 og úrskurð ráðuneytis dags. 28. júlí 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að lagning ökutækja í Ánanaustum, húsagötu, sé bönnuð annars staðar en í bílastæðum sem liggja þvert á götuna.
 2. að umferð á Ánanaustum, húsagötu, víki gagnvart umferð á Holtsgötu.
 3. að umferð á Ánanaustum, húsagötu, víki gagnvart umferð á Vesturgötu.
- Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 20. október 1998.

Georg Kr. Lárusson settur.